

Héraðsdómur Reykjaness

Úrskurður 16. nóvember 2021

Mál nr. X-907/2021

Landsbankinn hf.

Hannes J. Hafstein lögmaður

gegn

þb. KL2020 ehf.

Ólafur Eiríksson lögmaður

Úrskurður

Með bréfi, sem mótttekið var hjá Héraðsdómi Reykjaness 14. apríl 2021, vísaði skiptastjóri þrotabús KL2020 ehf., kt. [...], Ólafur Eiríksson, ágreiningi aðila um gildi kröfulýsingar Landsbankans hf., kt. [...], Austurstræti 11, Reykjavík, í þrotabú KL2020 ehf., nr. 8, 9, 11 og 12 í kröfuskra þrotabúsins, dagsettar 27. janúar 2021, til héraðsdóms til úrlausnar.

Var málið fyrst tekið fyrir þann 17. maí 2021 í Héraðsdómi Reykjaness. Lagði Landsbankinn fram greinargerð þann 14. júní 2021 og þb. KL2020 ehf. þann 15. júlí 2021.

Dómkröfur sóknaraðilar eru að viðurkenndar verði sem almennar kröfur samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. krafa nr. 8 að fjárhæð 90.442.551 króna. Krafa nr. 9 að fjárhæð 102.236.647 krónur. Krafa nr. 10 að fjárhæð 55.529.667 krónur. Krafa nr. 11. að fjárhæð 65.450.692 krónur og krafa nr. 12 að fjárhæð 45.117.433 krónur. Þá gerir sóknaraðili, í öllum tilvikum, kröfu um að áfallandi dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum af ofangreindum kröfum frá úrskurðaurdegi til greiðsludags svo og kostnaður vegna ritunar hvernar kröfulýsingar að fjárhæð 12.028 krónur auk kostnaðar sem síðar kann að falla til af innheimtu kröfunnar verði viðurkenndar sem eftirstæðar kröfur skv. 114. gr. sömu laga. Þá er krafist málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila auk virðisaukaskatts.

Fór munnlegur málflutningur fram um kröfu sóknar- og varnaraðila þann 5. nóvember sl. Var krafan tekin til úrskurðar að málflutningi loknum.

I.

Í kröfubréfi skiptastjóra, sem barst dóminum þann 14. apríl sl., segir að þann 10. desember 2020 hafi bú KI2020 ehf. verið tekið til gjaldþrotaskipta og hafi Ólafur Eiríksson lögmaður verið skipaður skiptastjóri þann sama dag. Á skiptafundi þann 2. mars 2021 hafi verið uppi ágreiningur um kröfur sem lýst var í þrotabúið af hálfu Landsbankans hf. sem séu númer 8, 9, 11 og 12 í kröfuskrá. Kröfurnar hafi upprunalega verið móttæknar af skiptastjóra þann 28. janúar 2021 og hafi þeim verið hafnað að svo stöddu. Þeirri afstöðu skiptastjóra hafi verið mótmælt með tölvupósti af hálfu Landsbankans og jafnframt hafi skiptastjóri verið upplýstur um að unnið væri í því að leiðrétta kröfulýsingarnar vegna innborgana og yrðu þær sendar við fyrsta tækifæri. Skiptastjóra hafi borist leiðréttar kröfulýsingar sem móttæknar hafi verið 2. mars 2021. Alls sé um að ræða kröfur að fjárhæð 359.513.641 króna sem hafi verið lýst sem almennum kröfum í búið.

Þá segir í bréfi skiptastjóra að í skrá um lýstar kröfur í búið hafi skiptastjóri lýst þeirri afstöðu sinni til þessara krafna að þeim ætti að hafna með öllu. Krafa nr. 10 hafi verið samþykkt að hluta. Þessu hafi verið mótmælt að öllu leyti af hálfu kröfuhafans og þess krafist að kröfurnar yrðu viðurkenndar að fullu eins og þeim hafi verið lýst eftir leiðréttingu. Haldinn hafi verið kröfuhafafundur miðvikudaginn 7. apríl sl. til að reyna að jafna þann ágreining. Á umræddum fundi hafi kröfuhafinn kosið að leggja ekki fram frekari gögn til stuðnings kröfum sínum þrátt fyrir áskoranir skiptastjóra og því ekki tekist að jafna ágreininginn.

Með vísan til 120., sbr. 171., gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 sé því krafist úrlausnar Héraðsdóms um þann ágreining, sem standi samkvæmt framansögðu um viðurkenningu á lýstum kröfum Landsbankans hf., á hendur þb. KI2020 ehf.

II

Í greinargerð sóknaraðila kemur fram að þb. KI2020 ehf. sé dótturfélag VHE ehf. Samstæða þeirra félaga þar sem VHE ehf. var móðurfélag hafi átt við greiðsluerfiðleika að stríða um langt skeið og þar með varnaraðili. Eigendur hafi leitað leiða til lausna á þeim erfiðleikum og hafi sóknaraðili reynt að koma til móts við félögin í þeirri fyrirætlun. Hafi varnaraðili verið um langan tíma í umtalsverðum viðskiptum við sóknaraðila. Sóknaraðili hafi þannig fjármagnað atvinnutæki varnaraðila, fyrst sem SP fjármögnun hf., sem síðar hafi sameinast sóknaraðila. Kyrrstöðusamkomulag hafi verið gert á árunum 2013 og 2016.

Í janúar 2017 hafi VHE ehf. kynnt sóknaraðila tillögur sínar varðandi aðgerðir í rekstrar- og skuldamállum. Hafi tillögur þessar náð til félaganna VHE ehf., Grand Canal og Á.B. Lyftinga ehf. Gerðar hafi verið tillögur um hvernig varnaraðili hygðist lækka skuldir sínar með sölu eigna. Hafi verið talið að eftir þær aðgerðir myndi félagið geta staðið undir greiðslum af þeim samningum við sóknaraðila sem þá stæðu eftir.

Þann 4. desember 2017 hafi samkomulag verið gert milli aðila en tilgangur þess verið að kveða á um samskipti varnaraðila og sóknaraðila á meðan leyst væri úr ágreiningsmálum aðila er varðaði hvort kaupsleigusamningar félagsins hefðu að geyma ólögmetta gengistryggingu. Í samkomulaginu hafi meðal annars falist að varnaraðili skyldi inna af hendi mánaðarlegar greiðslur en sóknaraðili hafi skuldbundið sig til að grípa ekki til innheimtuaðgerða vegna krafna sinna á hendur varnaraðila. Varnaraðili hafi innt af hendi eina greiðslu á grundvelli samkomulagsins þann 27. mars 2018.

Þá kemur fram að á fyrri hluta árs 2018 hafi VHE ehf. gert samkomulag við Arcur ehf. um aðstoð við að reyna að ná samkomulagi við sóknaraðila um hvernig fara skyldi með skuldir samstæðunnar, þ. á m. skuldir varnaraðila. Hafi viðræður staðið yfir fram á árið 2019. Meðan á þessum viðræðum stóð hafi varnaraðili ekki greitt af skuldbindingum sínum enda hafi aðilar vonast eftir því að ná saman um heildarlausn. Sú lausn hafi m.a. verið skoðuð að fá annan banka til að taka við allri fjármögnun samstæðunnar gegn einhverri afskrift. Þegar ljóst hafi verið að ekki næðist samkomulag á þessum nótum hafi viðræðum verið haldið áfram um öll lán VHE-samstæðunnar og í framhaldinu hafi samkomulag verið undirritað þann 1. ágúst 2019 en samkomulagið hafi einnig náð til varnaraðila. Greitt hafi verið samkvæmt því samkomulagi þar til kom að gjalddaga þann 31. janúar 2020. Ekki löngu eftir þennan gjalddaga hafi varnaraðili farið í greiðslustöðvun sem hafi leitt til gjaldþrots félagsins. Varnaraðili hafi því ekkert tilefni haft til að ætla að sóknaraðili félli frá kröfum sínum. Sama eigi við um aðra kröfuhafa félagsins sem ekki hafi á neinum tímapunkti hafti tilefni til slíkra væntinga.

Sóknaraðili mótmælir sérstaklega þeirri fullyrðingu varnaraðila í greinargerð að sóknaraðili hafi ekki lagt fram frekari gögn á skiptafundi þann 7. apríl 2021. Hið rétta sé að á þessum skiptafundi hafi sóknaraðili lagt fram samkomulag sem gert var þann 1. ágúst 2019 vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar m.a. á varnaraðila.

Í greinargerð sóknaraðila segir um kröfu nr. 8 í kröfuskrá varnaraðila, að fjárhæð 90.454.546 krónur, að sú krafa sé vegna fjármögnunarleigusamnings nr. 0149-36-125248 (áður SFL 018241) um leigumunina NSL57 Grove GMK 6300 og BS0245 Grove

GMK 6300. Samningurinn hafi verið gerður þann 10. september 2007 og upphaflegur kröfuhafi hafi verið SP-Fjármögnun. Samningurinn hafi samtals verið að fjárhæð 130.744.464 krónur og verið gengistryggður. Samkomulag um skilmálabreytingar hafi verið gert 22. september 2009 og 4. mars 2010. Samkomulag um greiðslur hafi verið gert þann 25. júlí 2013.

Með bréfi þann 17. nóvember 2014 hafi varnaraðili tilkynnt um að samningurinn teldist gengistryggt lán og hefði því verið endurreiknaður. Staða lánsins eftir endurútreikning hafi verið 99.450.875 krónur sem hafi myndað nýjan höfuðstól lánsins. Einnig hafi verið tilkynnt um að uppgjör vegna virðisaukaskatts þyrfti að fara fram.

Krafa nr. 9 í kröfuskrá. Lýst fjárhæð 102.248.675 krónur. Krafan sé vegna kaupleigusamnings nr. 0149-36-125523 um leigumunina KJ123 Grove GMK 5200 og BS0244 Grove GMK 52000. Samningurinn hafi verið gerður þann 29. desember 2014 og hafi upphaflega verið að fjárhæð 95.612.055 krónur. Elsti ógreiddi gjalddaginn sé frá 15. febrúar 2015. Samkomulag vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar varnaraðila á árunum 2017 og 2019 hafi náð til þessa samnings.

Krafa nr. 11. Lýst fjárhæð 56.242.295 krónur. Krafan sé vegna fjármögnunarsamnings nr. 0149-36-125253 (áður SFL 029265 um leigumunina BNX43 Grove GMK 4100-L og BS0260 Grove GMK 4100-L). Samningurinn hafi verið gerður þann 13. mars 2008 og hafi upphaflegur kröfuhafi verið SP-Fjármögnun. Samningurinn hafi samtals verið að fjárhæð 74.209.500 krónur og verið gengistryggður.

Samkomulag um skilmálabreytingu hafi verið gert þann 22. október 2009 og samkomulag um skuldbreytingu þann 4. mars 2010. Samkomulag hafi verið gert um fastar greiðslur þann 25. júlí 2013 og samkomulag um endurútreikning höfuðstóls og breytingu á greiðsluskilmálum þann 30. desember 2014. Með bréfi þann 17. nóvember 2014 hafi varnaraðila verið tilkynnt um að samningurinn teldist gengistryggt lán og hefði því verið endurreiknaður. Staða lánsins eftir endurútreikning hafi verið 64.387.642 krónur sem hafi myndað nýjan höfuðstól lánsins. Einnig hafi verið tilkynnt um að uppgjör vegna virðisaukaskatts þyrfti að fara fram. Samkomulag vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar varnaraðila á árunum 2017 og 2019 hafi náð til þessa samnings.

Krafa nr. 12. Lýst fjárhæð 45.129.461 króna. Segir í greinargerðinni að vegna kaupleigu- og fjármögnunarsamninga hafi sóknaraðili þurft að greiða kröfur sem féllu til vegna leigumunanna en varnaraðila hafi borið að greiða samkvæmt samningum aðila.

Varnaraðili hafi þannig ekki greitt þungaskatt, bifreiðagjöld og vinnueftirlitsgjöld sem lýst sé í kröfulýsingunni.

Varðandi kröfur vegna virðisaukaskatts þá hafi þurft, vegna endurútreiknings krafna sem lýst sé í kröfum nr. 8 og 11 á kröfuskrá, að fara fram uppgjör vegna virðisaukaskatts. Með bréfum, þar sem tilkynnt hafi verið um endurútreikning fjármögnunarleigusamninga, hafi verið gerð grein fyrir því hvernig uppgjóri vegna virðisaukaskatts skyldi háttað. Skuld varnaraðila gagnvart sóknaraðila hafi falist í mismun á virðisaukaskatti af kaupverði samningsandlags og greiddum virðisaukaskatti. Hafi uppgjórið farið fram í samræmi við ákvæði XXII til bráðabirgða með lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Krafa vegna bifreiðagjalda sé vegna seinna tímabils 2019, vinnueftirlitsgjöld séu vegna leigumunarins BS0245 og tryggingar frá Sjóvá vegna tímabilsins 1. janúar 2020 til 1. janúar 2021. Þar sem sóknaraðili hafi verið skráður eigandi umræddra leigumuna hafi umrædd gjöld fallið á hann þar sem varnaraðili hafi ekki greitt gjöldin sem honum hafi þó borið samkvæmt skilmálum þeim sem giltu um samninga aðila.

Samkomulag vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar varnaraðila á árunum 2017 og 2019 hafi náð til þeirra krafna sem lýst sé vegna uppgjors á virðisaukaskatti.

III.

Sóknaraðili kveður höfnun lýstra krafna af hálfu skiptastjóra byggjast á því að sóknaraðili hafi fyrirgert rétti sínum til greiðslu fyrir tómlætissakir enda liggi ekkert fyrir um að sóknaraðili hafi nokkru sinni eða að minnsta kosti frá árinu 2014 sett fram skýrar kröfur um innheimtu eða reynt að innheimta kröfurnar. Mótmælir sóknaraðili þessari afstöðu skiptastjóra.

Eins og rakið sé í atvikalýsingu hafi greiðsluerfiðleikar varnaraðila varað um langt skeið. Hafi aðilar leitað lausna og í þeim viðræðum hafi legið ljóst fyrir hverjar skuldbindingar varnaraðila hafi verið gagnvart sóknaraðila. Hafi aldrei verið ágreiningur um greiðsluskyldu varnaraðila en þó hafi verið deilt um hvort kaupleigusamningar hafi haft ákvæði um ólögsmæta gengistryggingu. Sérstaklega sé bent á samkomulag það sem gert hafi verið þann 4. desember 2017 þar sem sóknaraðili hafi gengist undir að grípa ekki til innheimtuaðgerða á hendur varnaraðila. Í samkomulaginu hafi falist viðurkenning varnaraðila á kröfum sóknaraðila. Varnaraðili hafi ekki efnt samkomulagið fyrir sitt leyti en viðræður hafi haldið áfram um fjárhagslega endurskipulagningu. Þeim viðræðum hafi lokið með samkomulagi þann 1. ágúst 2019. Varnaraðili hafi verið, auk

VHE ehf. og VHE-Austur ehf., aðili að því samkomulagi og hefði verið staðið við það hefði það leitt til umtalsverðra afskrifta af skuldum varnaraðila. Fyrstu greiðslur hafi borist samkvæmt samkomulaginu samtals að fjárhæð 255.000.000 króna en sóknaraðila hafi verið frjálst að ráðstafa greiðslunum með þeim hætti sem gert var. Í samkomulaginu hafi falist viðurkenning varnaraðila á greiðsluskyldu.

Sóknaraðili mótmælir því alfarið að hafa á nokkurn hátt sýnt af sér tómlæti sem réttlæti að telja kröfurnar niður fallnar.

Sóknaraðili telur að í ljósi sjónarmiða um réttarvissu verði almennt að leggja til grundvallar að brottfall kröfu vegna aðgerðaleyfis fari að jafnaði eftir ákvæðum fyrningarlaga. Almennt hafi verið talið að réttaráhrif á grundvelli aðgerðaleyfis komi helst til greina með hliðsjón af óskráðum réttarreglum um tómlæti, þegar kröfuhafi hafi sjálfur með atferli sínu, til dæmis með afdráttarlausum yfirlýsingum, vakið þær væntingar hjá skuldara að hann muni ekki halda innheimtukröfu sinni til streitu. Í dómaframkvæmd hafi einnig verið talið að mikið þurfi að koma til svo að krafa vegna peningaláns verið talin niður fallin vegna tómlætis. Varnaraðili hafi á engum tímapunkti haft réttmætar væntingar til þess að sóknaraðili hefði fallið frá kröfunum og ekki kæmi til innheimtu þeirra. Sóknaraðili telur því að samþykkja eigi kröfur hans með þeim hætti sem þeim sé lýst.

Þá kveður sóknaraðili að krafa nr. 12 á kröfuskrá sé til komin þar sem sóknaraðili hafi þurft að greiða greiðslur vegna kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga sem hafi fallið til vegna leigumunanna en varnaraðila hafi borið að greiða samkvæmt samningum aðila. Um sé að ræða þungaskatt, bifreiðagjöld, virðisaukaskatt og vinnueftirlitsgjöld sem lýst sé í kröfulýsingu.

Ágreiningur í þessum þætti varði grundvöll að kröfu sóknaraðila á hendur þrotabúinu. Hvað varði kröfu vegna virðisaukaskatts sérstaklega sé ágreiningur um hvort kröfurnar séu fallnar niður fyrir fyrningu og hvort sóknaraðili hafi fyrirgert rétti sínum til greiðslu fyrir tómlætissakir.

Krafa sóknaraðila byggist á samningum þeim sem aðilar hafi gert. Í skilmálum samninganna komi skýrt fram að leigutaki, varnaraðili, greiði öll gjöld, þ.m.t. opinber gjöld, sem lögð kunni að verða á samninginn eða í sambandi við hann og kostnaður af notkun og vörslu muna leiði. Einnig komi fram að leigutaki sé skuldbundinn til að endurgreiða leigusala hverja þá fjárhæð sem leigusali, sóknaraðili, hafi vegna lagaskyldu orðið að greiða þriðja aðila þ. á m. hinu opinbera, vegna notkunar muna. Enn fremur séu

skýr ákvæði í skilmálum um endurkröfurétt sóknaraðila ef hann, sem lögskráður eigandi muna, greiddi eitthvað sem varnaraðila hafi borið að greiða samkvæmt samningi aðila.

Hvað varði kröfu vegna virðisaukaskatts sé rétt að taka fram að meðferðin á virðisaukaskatti hafi verið í samræmi við venju í viðskiptum á þann hátt að við kaup á tækjum hafi sóknaraðili lagt út fyrir virðisaukaskatti tengdum viðskiptunum sem hafi lækkað upphaflega fjárhæð hvers samnings gagnvart varnaraðila. Endurgreiðslu þessa virðisaukaskatts hafi verið ætlað að fara fram með því að leigugreiðslur bæru virðisaukaskatt. Varnaraðili hafi því getað nýtt sér innskatt af leigugreiðslum á meðan þær hafi verið greiddar.

Í þeim tilvikum þar sem niðurstaða dómstóla hafi verið að um lánsamninga væri að ræða en ekki leigusamninga þurfti að huga að uppgjöri á virðisaukaskatti. Ástæða þess sé sú að virðisaukaskattur hafi verið reiknaður af leigugreiðslum en ekki af kaupverði samningsandlagsins. Stefnda hafi borið að innheimta virðisaukaskatt af kaupverði samningsandlagsins og hafi því verið gefnir út reikningar til leigutaka sem tilgreindu mismun virðisaukaskatts af kaupverði samningsandlagsins og virðisaukaskatts samkvæmt áður útgefnum reikningum ásamt því að gefinn hafi verið út, ef við átti, greiðsluseðill fyrir áður reikningsfærðum en ógreiddum virðisaukaskatti. Hafi þetta verið í samræmi við verklag sem ákveðið hafi verið í samvinnu við skattyfirvöld.

Varnaraðila hafi verið send bréf þar sem gerð hafi verið ítarleg grein fyrir uppgjöri virðisaukaskatts vegna hvers einstaks samnings. Uppgjörum þessum hafi ekki verið mótmælt af hálfu varnaraðila.

Kröfur vegna virðisaukaskatts eiga undir samkomulag sem gert hafi verið á árunum 2017 og 2019. Með samkomulaginu hafi varnaraðili viðurkennt greiðsluskyldu sína. Ljóst sé að kröfurnar séu ekki fyrndar og sóknaraðili hafi ekki sýnt af sér tómlæti enda hafi varnaraðili ekki getað haft réttmætar væntingar til þess að sóknaraðili myndi ekki innheimta kröfurnar.

Sóknaraðili vísar til laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., auk meginreglna samninga- og kröfuréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga, skuldbindingargildi samninga og samningsfrelsi. Varðandi málskostnað og virðisaukaskatt á málskostnað vísar sóknaraðili til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

IV

Varnaraðili mótmælir kröfum sóknaraðila. Vegna kröfu nr. 8 í kröfuskrá kveður varnaraðili skilmálabreytingu hafa verið gerða þann 22. september 2009 og 4. mars 2010. Ekki liggi fyrir í málinu hvort greitt hafi verið inn á skuldina eftir skilmálabreytingarnar.

Á árinu 2014 hafi legið fyrir að samningurinn teldist gengistryggt lán og hafi lánið verið endurútreiknað 30. september 2014 og fyrsti gjalddagi sagður vera í janúar 2015. Ekkert hafi verið greitt inn á kröfu sóknaraðila eftir endurútreikninginn.

Sóknaraðili hafi gert kyrrstöðusamning við varnaraðila þann 4. desember 2017 en samkvæmt honum skyldi tiltekinni greiðslu, sem berast skyldi á samningstímanum, ráðstafað inn á kröfuna. Engar greiðslur hafi hins vegar verið greiddar inn á kröfuna eftir gerð kyrrstöðusamningsins og fram að gjaldþroti þann 10. desember 2020. Svo virðist sem sóknaraðili hafi ekki gert neinar athugasemdir vegna þessa.

Með vísan til framangreinds og þeirra gagna sem varnaraðili hafi undir höndum verði ekki séð að á því rúmlega 11 ára tímabili frá því að skilmálabreytingin átti sér stað, eða þann 22. september 2009 og þar til að bú félagsins hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, hafi nokkur greiðsla borist vegna umrædds fjármögnunarleigusamnings.

Að auki byggir varnaraðili á því að sóknaraðili hafi ekki á sama tíma sett fram skýra kröfu um innheimtu eða gert aðrar tilraunir til að innheimta kröfuna. Sóknaraðili sé stærsta fjármálafyrirtækið á Íslandi með aðgang að fjölda lögmanna og öðrum sérfræðingum. Hafi sóknaraðili því haft alla burði til að innheimta kröfuna. Það verði að gera þær kröfur til sóknaraðila að hann standi þannig að málum að það sé ekki uppi neinn vafi á því hvort kröfuréttindi hafi liðið undir lok eða ekki. Verði því að leggja til grundvallar að sóknaraðili hafi sýnt af sér slíkt tómlæti við að halda fram rétti sínum til greiðslu að krafa hans teljist niður fallin fyrir tómlætissakir.

Varnaraðili kveður vegna kröfu nr. 9 á kröfuskrá að hann hafi gert kyrrstöðusamning við sóknaraðila þann 4. desember 2017 en samkvæmt honum skyldi tiltekinni greiðslu, sem berast skyldi á samningstímanum, ráðstafað inn á kröfuna. Engar greiðslur hafi hins vegar verið greiddar inn á kröfuna eftir gerð kyrrstöðusamningsins og fram að gjaldþroti þann 10. desember 2020. Svo virðist sem sóknaraðili hafi ekki gert neinar athugasemdir vegna þessa.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi engar tilraunir gert til að innheimta kröfuna. Verði því að leggja til grundvallar að sóknaraðili hafi sýnt af sér slíkt tómlæti

við að halda fram rétti sínum til greiðslu að krafa hans teljist fallin niður fyrir tómlætissakir.

Varnaraðili kveður vegna kröfu nr. 11 á kröfuskra á gerð hafi verið skilmálabreyting á þeim samningi þann 22. september 2009 og 4. mars 2010. Ekkert liggir fyrir í málinu hvort greitt hafi verið inn á skuldina eftir skilmálabreytingarnar. Á árinu 2014 hafi legið fyrir að samningurinn teldist gengistryggt lán og hafi lánið verið endurútreiknað 30. desember 2014 og fyrsti gjalddaginn sagður vera í janúar 2015. Ekkert hafi verið greitt inn á kröfu sóknaraðila eftir endurútreikninginn. Samkvæmt kyrrstöðusamningi frá 4. desember 2017 hafi ekki átt að greiða inn á þessa kröfu.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili haf engar tilraunir gert til að innheimta kröfuna. Verði því að leggja til grundvallar að sóknaraðili haf sýnt af sér slíkt tómlæti við að halda fram rétti sínum til greiðslu að krafa hans teljist niður fallin fyrir tómlætissakir.

Varðandi kröfu nr. 12 í kröfuskra byggir varnaraðili á því að tilvísanir sóknaraðila til skilmála samninga feli ekki í sér fullnægjandi stoð fyrir kröfu á hendur varnaraðila á þessum grunni. Þannig liggir ekkert fyrir um að varnaraðili hafi óskað eftir láni frá sóknaraðila til að greiða umræddar kröfur og ekkert liggur fyrir um að upphaflegir kröfuhafar hafi framselt kröfur sínar til handa bankanum. Jafnframt liggir ekkert fyrir um það hvort eða með hvaða hætti upphaflegir kröfuhafar hafi gert kröfu um að sóknaraðili stæði skil á þessum greiðslum fyrir hönd varnaraðila. Það sé því ósannað að sóknaraðili eigi kröfu á hendur varnaraðila.

Jafnframt liggir fyrir að sóknaraðili hafi greitt virðisaukaskatt að fjárhæð 44.253.778 krónur í nóvember 2014. Kröfur sem sóknaraðili kynni að eiga á hendur varnaraðila vegna þessa séu fallnar niður fyrir fyrningu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Í því sambandi sé því hafnað sem röngu eða í það minnsta ósönnuðu að varnaraðili hafi viðurkennt greiðsluskyldu eða að fyrningu kröfunnar hafi verið slitið með öðrum hætti. Í öllu falli hafi sóknaraðili fyrirgert rétti sínum til greiðslu kröfunnar fyrir tómlætissakir hafi krafan einhvern tímann verið til staðar.

Varnaraðili vísar einkum til laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 129. og 130. gr. sömu laga vegna málskostnaðarkröfu sinnar.

V

Jón Fannar Ómarsson, starfsmaður sóknaraðila, gaf skýrslu sem vitni fyrir dóminum. Kvaðst hann hafa komið að málum VHE-samstæðunnar á árinu 2016 en varnaraðili væri dótturfélag VHE ehf., og sömu stjórnarmenn í báðum félögum. Kvað hann alla samninga aðila hafa snúist um að hámarka greiðslugetu VHE ehf. og dótturfyrirtækja félagsins sem m.a. hafi verið varnaraðili í þessu máli. Aldrei hafi verið litið svo á að kröfur sóknaraðila væru fallnar niður eða að varnaraðili hafi mátt ætla að kröfurnar væru fallnar niður sökum tómlætis. Greiðsluskylda varnaraðila hafi aldrei verið dregin í efa á samningafundum með varnaraðila.

VI

Samkvæmt leiðréttri kröfuskrá frá 24. mars 2021 eru lýstar kröfur sóknaraðila í þrotbú varnaraðila fimm talsins. Samið hefur verið um kröfu nr. 10 í kröfuskrá og er því ekki til umfjöllunar hér.

Krafa nr. 8 að fjárhæð 90.454.546 krónur er vegna fjármögnunarleigusamnings nr. 1700448 (125248) sem undirritaður var 10. september 2007. Fyrir hönd varnaraðila, Á.B. Lyftinga ehf., ritaði Unnar Hjaltason undir. Var fjárhæð samningsins 130.744.464 krónur.

Þann sama dag var yfirlýsing um sjálfskuldarábyrgð undirrituð en þar lýsir Vélaverkstæði Hjalta Einars ehf. því yfir að félagið takist á hendur sjálfskuldarábyrgð á öllum fjárhagslegum skuldbindingum vegna fjármögnunarleigusamnings nr. 1700448 að fjárhæð 130.744.464 krónur.

Einnig þann sama dag undirrituðu SP-Fjármögnun hf. og Á.B. Lyfting ehf. yfirlýsingu um bindandi kautilboð. Kemur þar fram að kaupverðið skuli greitt eigi síðar en 27. október 2013. Einnig staðfesti Á.B. Lyfting ehf. þann 10. september 2007 móttöku á bílkrananum samkvæmt upphaflegum samningi.

Þann 22. september 2009 undirrituðu Á.B. Lyfting ehf., SP-Fjármögnun hf. og Vélaverkstæði Hjalta Einars ehf. samkomulag um skilmálabreytingu vegna breytinga á leigugreiðslum.

Þann 4. mars 2010 undirrituðu Á.B. Lyfting ehf. og SP-Fjármögnun hf. skilmálabreytingu vegna samningsins þar sem m.a. kemur fram að frá og með 26. janúar 2010 muni næstu sex greiðslur verða í formi innágreiðslna.

Þann 4. mars 2010 undirrituðu Á.B. Lyfting ehf. og SP-Fjármögnun hf. samkomulag vegna breytingar á kaupþilboðinu frá 10. september 2007 þannig að kaupverðið átti að staðgreiða eigi síðar en 27. september 2014.

Þann sama dag undirrituðu sömu aðilar ásamt VHE ehf. samkomulag um skuldbreytingu á fjármögnunarleigusamningnum, m.a. þannig að vanskil að fjárhæð 14.045.054 krónur áttu að leggjast við höfuðstól samningsins sem stóð þann 26. janúar 2010 í 240.488.267 krónum.

Þann 25. júlí 2013 undirrituðu Á.B. lyfting ehf. og Landsbankinn handveðsyfirlýsingu þar sem bankanum var settur að handveði, til tryggingar skaðlausri greiðslu á skuldum Á.B. Lyftingar ehf. bankareikningur nr. [...].

Þann sama dag var samkomulag um fastar greiðslur undirritað vegna samningsins. Kemur þar fram að gildistími samkomulagsins sé sex mánuðir frá undirritun. Einnig segir að áður en gildistíma samkomulagsins ljúki skulu aðilar hittast og fara vandlega yfir niðurstöðu þeirra dómsmála sem gengið hafi um sambærilega samninga og félagið sé með hjá Landsbankanum. Þá er tekið fram að Á.B. Lyfting ehf. skuli greiða mánaðarlega 2.000.000 króna inn á bankareikning, í fyrsta sinn við undirritun samkomulagsins og síðan mánaðarlega á meðan samkomulagið sé í gildi. Í 6. grein samkomulagsins skuldbindur Landsbankinn sig til að krefjast ekki fjárnáms eða fara í aðrar innheimtuaðgerðir, uppfylli skuldari skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu.

Þann 30. desember 2014 undirrituðu aðilar endurútreikning höfuðstóls og breytingu á greiðsluskilmálum í kjölfar dóms Hæstaréttar í málum nr. 430/2013 þar sem niðurstaðan var að umræddur leigusamningur taldist vera lánsamningur. Þá var gjalddögum breytt þannig að lánið átti að greiða upp með 84 mánaðarlegum greiðslum frá og með 15. janúar 2015. Voru eftirstöðvar samkvæmt endurútreikningi 99.450.875 krónur.

Til tryggingar skuldum Á.B. Lyftinga ehf. lá fyrir allsherjarveð, útg. 16. desember 2005 að fjárhæð 10.000.000 króna, og tryggingarbréf útgefið 28. júní 1999 að fjárhæð 4.630.000 krónur. Einnig handveðsyfirlýsing útgefin 25. júlí 2013 með handveði í innstæðu bankareiknings og handveðslýsing útgefin 11. júlí 2005 með handveði í innstæðu bankareiknings.

Samkvæmt kröfulýsingunni er um leiðréttá kröfulýsingu að ræða vegna innborgunar þann 22. desember 2020 vegna uppgjors á leigumunum. Þeim hafi verið

skilað og verðmat hafi farið fram. Handveðsreikningum hafi verið lokað og innstæðum lýst sem almennri kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Krafa nr. 9 er samtals 102.248.675 krónur. Er krafan vegna kaupleigusamnings nr. 125523 (SKL036882), sem var undirritaður 29. desember 2014, upphaflega að fjárhæð 95.612.055 krónur með fyrsta gjalddaga 15. febrúar 2015 með 84 mánaðarlegum gjalddögum, sá síðasti 15. janúar 2022.

Með kröfulýsingunni liggur fyrir afrit samnings aðila frá 25. júlí 2013 um handveðsyfirlýsingu og samkomulag um fastar greiðslur undirritað vegna samningsins. Voru sömu tryggingar, þ.e. handveð og tryggingarbréf, til tryggingar kröfum þessum og tilgreindar eru með kröfu nr. 8.

Í kröfulýsingunni kemur fram að hún sé leiðrétt vegna innborgunar þann 22. desember 2020 vegna uppgjörs á leigumunum þeim sem hafi verið skilað og verðmat hafi farið fram. Handveðsreikningum hafi verið lokað og innstæðum þeirra ráðstafað inn á skuldir félagsins í samráði við skiptastjóra. Því sem eftir standi eftir uppgjör sé lýst sem almennri kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Krafa nr. 11 í kröfuskrá er samtals að fjárhæð 65.438.664 krónur. Er hún vegna fjármögnunarsamnings nr. 0149-35-125253, upphaflega 64.687.642 krónur. Var leigusamningurinn undirritaður 13. mars 2008 og var með mánaðarlegum greiðslum, í fyrsta sinn 25. apríl 2008. Fjöldi gjalddaga var 60 og síðasti gjalddagi 25. mars 2013.

Þann 22. október 2009 undirrituðu aðilar samkomulag um skilmálabreytingu þar sem fjórar næstu greiðslur voru í formi lægri leigugreiðslna og átti upphaflegi samningstíminn að lengjast sem því nemur.

Þann 4. mars 2010 var gerð skilmálabreyting á samningnum þannig að frá og með 19. janúar 2010 áttu sex næstu greiðslur að vera í formi lægri leigugreiðslna og greiðslubyrði leigutaka að verða um 360.000 krónur á mánuði. Átti samningstíminn að lengjast sem nam þessum sex viðbótargreiðslum.

Þann sama dag gerðu aðilar samkomulag um breytingu á bindandi kauptilboði frá 13. mars 2008 með vísan til fjármögnunarleigusamningsins. Kemur fram að við breytinguna skuli kaupverð staðgreitt eigi síðar en 25. desember 2013 en við höfuðstól samningsins skuli leggjast leigugreiðslur sem voru í vanskilum, alls 10.489.702 krónur.

Þann 25. júlí 2013 var handveðsyfirlýsing undirrituð þannig að innstæður á bankareikningi [...] voru veðsettar bankanum.

Þann sama dag var samkomulag um fastar greiðslur undirritað vegna samningsins. Kemur þar fram að gildistími samkomulagsins sé sex mánuðir frá undirritun. Einnig segir að áður en gildistíma samkomulagsins ljúki skulu aðilar hittast og fara vandlega yfir niðurstöðu þeirra dómsmála sem gengið hafi um sambærilega samninga og félagið sé með hjá Landsbankanum. Þá er tekið fram að Á.B. Lyfting ehf. skuli greiða mánaðarlega 2.000.000 króna inn á bankareikning, í fyrsta sinn við undirritun samkomulagsins og síðan mánaðarlega á meðan samkomulagið sé í gildi. Í 6. grein samkomulagsins skuldbindur Landsbankinn sig til að krefjast ekki fjárnáms eða fara í aðrar innheimtuaðgerðir, uppfylli skuldari skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu.

Þann 30. desember 2014 fór fram endurútreikningur á höfuðstól samningsins og breyting gerð á greiðsluskilmálum. Samkvæmt endurútreikningnum varð nýr höfuðstóll 65.337.000 krónur. Voru greiðsluskilmálar þannig að fyrsti gjalddagi skyldi vera 15. janúar 2015 og fjöldi gjalddaga 84.

Voru sömu tryggingar, þ.e. handveð og tryggingarbréf, til tryggingar kröfum þessum og tilgreindar eru með kröfu nr. 8.

Kemur fram í kröfulýsingunni að hún sé gerð vegna innborgana þann 3. desember 2020 vegna uppgjors á leigumunum þeim sem skilað hafi verið og verið verðmetnir. Handveðsreikningum hafi verið lokað og innstæðum þeirra ráðstafað inn á skuldir félagsins í samráði við skiptastjóra. Það sem standi eftir uppgjör sé lýst sem almennri kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Krafa nr. 12 í kröfuskrá er samtals að fjárhæð 45.129.461 króna. Er þessi krafa tilkomin vegna kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga um hina ýmsu leigumuni. Leigusali hefur þurft að greiða kröfur sem hafa fallið til vegna leigumunanna en leigutaka borið að greiða samkvæmt samningum. Um sé að ræða þungaskatt, SAK nr. 197552, bifreiðagjöld, SAK nr. 196134, innheimtu virðisaukaskatts, SAK nr. 135900, innheimtu virðisaukaskatts, SAK nr. 135901, og vinnueftirlitsgjöld, SAK nr. 204880. Til tryggingar á öllum skuldum leigutaka hafi verið gefnar út eftirtaldar tryggingar: Tryggingarbréf (allsherjarveð) nr. 0149-63-00156, útgefið 16. desember 2005 að fjárhæð 10.000.000 króna. Tryggingarbréf (allsherjarveð) nr. [...], útgefið 28. júní 1999 að fjárhæð 4.630.000 krónur. Handveðsyfirlýsingar, útgefnar 25. júlí 2013 og 11. júlí 2005 með handveði í innstæðu bankareikninga.

Í kröfulýsingunni kemur fram varðandi aðild Landsbankans hf. að þá hafi Fjármálaeftirlitið samþykkt þann 8. júní 2011, með vísan til 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, samruna Avant hf. og SP. Fármögnunar hf. við Landsbankann hf. og hafi samruninn tekið gildi á þeim degi en Landsbankinn hf. hafi tekið við öllu réttindum og skyldum félaganna frá 1. janúar 2011.

Á aðild þessi við um allar kröfulýsingar sóknaraðila.

VII

Í gögnum málsins liggja fyrir tvö bréf frá sóknaraðila til varnaraðila þann 17. nóvember 2014. Kemur þar fram að lán nr. SFL-018241 og SFL 029265 hafi verið endurreiknuð í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 430/2013. Var niðurstaða sóknaraðila sú að þessi tvö lán teldust vera lánsamningar en ekki leigusamningar. Þá voru lánin endurútreiknuð í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013. Segir að endurútreikningur feli í sér að fram að 25. og 27. febrúar 2009 sé nýr höfuðstóll reiknaður miðað við efni fullnaðarkvittana en þá hafi síðasta greiðsla verið greidd til samræmis við efni sammingsins og er vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 544/2013 því til stuðnings. Segir að eftir það tímamark fari lánin í vanskil. Greiðslur sem berist eftir það tímamark og eftirstöðvar lánsins séu endurreiknaðar með lægstu óverðtryggðu vöxtum Seðlabankans. Þá segir að eftirstöðvar eftir þennan endurútreikning myndi nýjan höfuðstól lánanna en skilmálar haldist óbreyttir. Vegna láns nr. SFL 029265 segir að ný staða eftir útreikning sé 64.687.642 krónur. Einnig segir að þrátt fyrir að lánstíminn sé liðinn sýni endurútreikningur að lánið sé ekki að fullu greitt. Þar sem lánstíminn sé liðinn veiti bankinn 21 dag frá dagsetningu bréfsins til að semja um lúkningu skuldarinnar. Að þeim tíma liðnum reiknist dráttarvextir á höfuðstól lánsins. Þá er rætt um óuppgerðan virðisaukaskatt. Bent er á að greiðsluseðill vegna uppgjors á framangreindum virðisaukaskatti sé aðgengilegur í netbanka félagsins.

Í bréfi vegna láns nr. SFL 018241 segir að eftirstöðvar eftir endurútreikning myndi nýjan höfuðstól en skilmálar lánsins séu óbreyttir. Ekki verði gerður skriflegur viðauki við lánið vegna þessa heldur muni sóknaraðili senda greiðslutilkynningu á næsta gjalddaga í samræmi við framangreint. Þá er rætt um uppgjör á virðisaukaskatti auk þess að greiðsluseðill vegna uppgjors á framangreindum virðisaukaskatti sé aðgengilegur í netbanka félagsins.

Einnig liggur fyrir tillaga til sóknaraðila um aðgerðir í rekstrar- og skuldamálum frá janúar 2017 vegna VHE-2017-2019, Grand Canal 2017 og Á.B. Lyftingar 2017.

Stafar skjalið frá VHE ehf. en ekki er ágreiningur um að það hafi verið kynnt og um það fjallað á fundi allra aðila. Er í skjalinu sérstaklega fjallað um varnaraðila þannig að til að lækka skuldir verði tveir kranar settir í sölumeðferð. Við sölu mun annar kraninn greiða samning nr. 125524 og hinum verða ráðstafað á móti samningum nr. 125900 og 135901 sem báðir séu tilkomnir vegna virðisaukaskatts. Einnig verði mun meiri áhersla lögð á rekstur og tekjuöflun félagsins til að standa undir afborgunum og vöxtum. Óskað var eftir föstum greiðslum að upphæð 2.500.000 krónur á mánuði í átta mánuði og tíminn nýttur til sölu tækja og aukinnar tekjuöflunar. Einnig var óskað eftir því að samningur nr. 125524 yrði endurskoðaður en hann standi nú í 71.000.000 króna en hafi verið 11.800.000 krónur þegar til hans hafi verið stofnað árið 2008. Óskað var eftir verulegri afskrift af þeim samningi. Þá segir að að loknu átta mánaða tímabili sé gert ráð fyrir að félagið standi undir greiðslum af þeim samningum sem eftir standi.

Þann 4. desember 2017 undirrituðu aðilar samkomulag með það að markmiði að kveða á um samskipti aðila á meðan leyst væri úr ágreiningsmálum aðila. Segir að nánar tiltekið lúti ágreiningur aðila að því hvort kaupleigusamningar félagsins nr. 125523 og 125524 hafi að geyma ákvæði um ólögsmæta gengistryggingu. Tók samningurinn gildi 30. maí 2018. Segir að komi til þess að ekki hafi á gildistímanum gengið dómur í Hæstarétti Íslands í máli nr. E-1262/2016 (VHE ehf. og Landsbankinn), sem áfrýjað hafði verið til Hæstaréttar, skuli samkomulaginu framlengt til fjögurra mánaða en að mati aðila muni niðurstaða dómsins hafa fordæmisgildi fyrir ágreininginn. Í 3. gr. samningsins segir að varnaraðili skuldbindi sig til þess að greiða 3.500.000 krónur mánaðarlega inn á bankareikning sem sé handveðsettur sóknaraðila næstu sex mánuði. Fyrsta greiðslan skuli eiga sér stað 1. desember 2017 og eftirleiðis 1. hvers mánaðar. Innstæðum reikningsins skuli ráðstafað upp í greiðslur afborgana og vaxta af lánnum nr. 125248 og 125523. Þá sé sóknaraðila einnig heimilt að ráðstafa innstæðu reikningsins til að greiða kostnað vegna þriðja aðila gjalda, s.s. bifreiðagjöld, skoðunargjöld, tryggingaiðgjöld o.fl., og lækka innborgun inn á lánin til samræmis. Þá eru ákvæði um skyldur varnaraðila og samstarf aðila á samningstímabilinu. Í 5. gr. samningsins segir að uppfylli félagið skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu, skuldbindi sóknaraðili sig til þess að krefjast ekki fjárnáms hjá félaginu, óska ekki eftir gjaldþrotaskiptum á búi þess, krefjast ekki nauðungarsölu eða grípa til annarra innheimtuaðgerða á hendur varnaraðila.

Þann 1. ágúst 2019 undirrituðu aðilar samkomulag sem var á milli sóknaraðila, VHE ehf., VHE-Austur ehf. og Á.B. Lyftingar ehf. Voru Á.B. Lyfting og VHE Austur

nefnd sameiginlega „félögin“ í samningnum. Segir í 1. gr. samningsins að vegna langvarandi rekstrarerfiðleika og alvarlegrar skuldastöðu og vanskila félaganna við bankann séu aðilar sammála um að óljóst sé hvort félögin hafi burði til að greiða skuldir sínar við bankann að fullu. Í grein 1.2 í samningnum segir að tilgangurinn með samkomulaginu sé fyrirhuguð endurskipulagning skulda félaganna og aukning á eigin fé félaganna. Í tengslum við fyrirhugaða endurskipulagningu og eiginfjárukningu hyggist bankinn afskrifa hluta skulda þess við bankann að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Eru tilgreindar ákveðnar greiðslur í samkomulaginu sem VHE hf. ber að greiða frá 30. september 2019 til og með 31. júlí 2020. Bar að greiða þær greiðslur inn á reikning félagsins hjá sóknaraðila sem var handveðsettur bankanum. Í gr. 4.1 í samkomulaginu segir að standi VHE hf. við skyldur sínar skv. lið a í gr. 2.1 séu sóknaraðili, VHE Austur og Á.B. Lyfting ehf. ásátt um að félögin greiði fasta mánaðarlega greiðslu vegna skuldbindinga þeirra við bankann. Skuli hið nýja samkomulag gilda frá undirritun þess til 31. júlí 2020 og skuli mánaðarleg fjárhæð fastrar greiðslu nema 12.000.000 króna. Landsbankanum sé í sjálfsvald sett hvernig fastri mánaðarlegri greiðslu verði ráðstafað á milli skuldbindinga félaganna við bankann. Landsbankanum skuli heimilt að skuldfæra fasta mánaðarlega greiðslu samkvæmt ákvæðinu af reikningum félaganna. Standi félögin ekki skil á fastri greiðslu mánaðarlega samkvæmt samkomulaginu falli það niður. Undir þetta samkomulag rituðu stjórnarmenn allra félaganna.

VIII

Bú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness þann 10. desember 2020.

Ágreiningur aðila, sem er til úrlausnar hér, snýst um það hvort kröfur nr. 8, 9 og 11 á kröfuskrá séu fallnar niður fyrir tómlæti og krafa nr. 12 sé fyrnd. Ekki er tölulegur ágreiningur í máli þessu.

Eins og rakið er að framan hefur varnaraðili, sem er dótturfélag VHE ehf., og móðurfélagið verið í viðskiptum hjá sóknaraðila allt frá árinu 2005 eins og gögn málsins bera með sér. Voru þessir samningar undirritaðir í september 2007, mars 2008 og desember 2014. Hafa samningaumleitarnir vegna vanskila varnaraðila staðið allt frá því í september 2009.

Lýst krafa nr. 8 í leiðréttri kröfuskrá að fjárhæð 90.454.546 krónur er vegna fjármögnunarleigusamningur nr. 1700448. Var skilmálabreyting undirrituð 22. september 2009 og aftur þann 4. mars 2010. Þann 25. júlí 2013 var samkomulag gert

vegna dómsmála sem rekin voru fyrir Hæstarétti og þýðingu gæti haft fyrir lögmæti skulda varnaraðila. Þann 17. nóvember 2017 og 30. desember 2014 var lán þetta endurútreiknað ásamt því að skilmálabreyting var gerð á láninu. Þá liggur fyrir að fundur var með aðilum í janúar 2017 þar sem greiðsluvandi og skuldir varnaraðila voru ræddar. Að auki var sérstakt samkomulag milli aðila gert þann 4. desember 2017 og aftur 1. ágúst 2019. Greiðslur samkvæmt síðasta samkomulaginu fóru fram 30. september 2019 og í janúar 2020. Var heimild hjá sóknaraðila til að ráðstafa hluta þeirra greiðslna inn á vanskil og skuldir varnaraðila.

Lýst krafa nr. 9 í leiðréttri kröfuskra að fjárhæð 102.248.675 krónur stofnaðist 29. desember 2014 með kaupleigusamningi nr. 125523. Hefur sú krafa verið undir í öllum samningaumleitunum aðila í janúar 2017, 4. desember 2017 og 1. ágúst 2019.

Lýst krafa nr. 11 í kröfuskra að fjárhæð 65.438.664 krónur er frá 13. mars 2008 vegna fjármögnunarleigusamnings nr. 125253. Þann 22. október 2009 var skilmálabreyting undirrituð og aftur 4. mars 2010. Þann 25. júlí 2013 undirrituðu aðilar handveðsyfirlýsingu vegna skulda varnaraðila. Þá var fundur í janúar 2017 vegna skulda varnaraðila, samkomulag var undirritað 4. desember og aftur þann 1. ágúst 2019 vegna þessarar kröfu svo og annarra skulda varnaraðila við sóknaraðila.

Samkvæmt samkomulaginu frá 1. ágúst 2019 var fyrsta greiðslan greidd, 250.000.000 króna, þann 30. september 2019 og hluti af greiðslu þann 30. janúar 2020. Hafði sóknaraðili heimild til að ráðstafa greiðslum þessum inn á skuldir varnaraðila máls þessa.

Eins og ofangreint ber með sér hafa aðilar verið í samningaumræðum allt frá árinu 2007 er fyrsta krafan stofnaðist, allt í þeim tilgangi að kröfur innheimtist, og til að koma til móts við greiðsluvanda varnaraðila til ársins 2020. Voru allir samningar aðila litaðir af greiðsluvanda varnaraðila. Ekki er að finna í öllu samningaferlinu að varnaraðili hafi haldið því fram að krafa hans hafi fallið niður fyrir tómlæti né að hann hafi mátt gera ráð fyrir að krafa hans væri fallin niður sökum tómlætis sóknaraðila. Þá gerðu aðilar sérstakt samkomulag um að sóknaraðili færi ekki í fjárnám eða aðrar innheimtuaðgerðir á meðan einn samningur aðila var gerður sem sannar að sóknaraðili reyndi að koma til móts við varnaraðila á meðan reynt var að liðka fyrir greiðsluvanda varnaraðila. Verður sóknaraðili ekki látinn bera hallann af því. Varnaraðila mátti á öllum stigum vera það ljóst að kröfur sóknaraðila væru óumdeildar og að bæði veð og aðrir samningar myndu verða til fullnustu kröfunum ef á reyndi. Ekki er tekið undir það með varnaraðila að það

sé ný málsástæða að sóknaraðili byggi á framlögðum gögnum um skilmálabreytingar þótt þeirra sé ekki sérstaklega getið í greinargerð.

Í gögnum málsins liggja fyrir afrit innheimtuviðvarana og tilkynninga um milliinnheimtu allt frá mars 2017 til ársins 2021, sendar á heimili Á.B. Lyftingar ehf. Þrátt fyrir að skiptastjóri hafi lýst því yfir að ekkert slíkra bréfa hafi fundist í bókhaldi varnaraðila sannar það ekki að þessi bréf hafi ekki verið send. Þá styður ábending sóknaraðila um að greiðsluseðill vegna virðisaukaskatts verði kominn í netbanka varnaraðila, sbr. bréf frá 17. nóvember 2017 þessa fullyrðingu sóknaraðila.

Verður þeirri málsástæðu varnaraðila, að sóknaraðili hafi ekki haldið kröfum sínum uppi með innheimtuaðgerðum og þar með sýnt af sér slíkt tómlæti að kröfur hans séu niður fallnar, því hafnað.

Í máli þessu er um peningakröfur að ræða og er ekki ágreiningur um að varnaraðili hafi notið góðs af þeim lánnum er hann nýtti við rekstur sinn. Aðilar stóðu í nokkur ár í samningaviðræðum um lausn mála vegna greiðsluerfiðleika varnaraðila. Í ljósi þess verður talið að varnaraðili hafi ekki mátt líta svo á að samningarnir sem hann gerði við sóknaraðila hafi verið felldir niður sökum tómlætis sóknaraðila.

Er krafa sóknaraðila um að lýstar kröfur nr. 8. 9 og 11 í leiðréttri kröfuskrá varnaraðila verði viðurkenndar sem almennar kröfur samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 o.fl. tekin til greina.

Varnaraðili byggir á því að krafa nr. 12 í leiðréttri kröfuskrá að fjárhæð 45.129.461 króna sé fallin niður þar sem ósannað sé á hvaða grundvelli sóknaraðili telji sig eiga lögvarða kröfu á hendur varnaraðila svo og vegna fyrningar.

Í fjármögnunarleigusamningi frá 10. september 2007 vegna leigu á NS-L57 Grove bílkrana GMK 6300, árgerð 2007, vinnuvélanúmer BS-0245, fjármögnunarleigusamningi frá 13. mars 2008 vegna leigu á BN-X43 og BS-0260 Grove GMK 4 100L bílkrana, árgerð 2008, og kaupleigusamningi frá 29. desember 2014 vegna leigu á BS0244 Grove GMK5200 og KJ123, Grove GMK 5200, eru sérstök ákvæði í 4. gr. samninganna um að leigutaki greiði öll gjöld, þ.m.t. opinber gjöld, er lögð kunni að verða á samkvæmt samningum þessum eða í sambandi við þá, og kostnað er af notkun og vörslu munanna leiðir. Þá er leigutaki skuldbundinn til að endurgreiða leigusala hverja þá fjárhæð er leigusali hefur vegna lagaskyldu orðið að greiða þriðja aðila, þ. á. m. hinu opinbera, vegna notkunar muna. Ekki er deilt um að samningar þessir séu gildir. Með skilmálabreytingum og því samkomulagi sem greint er frá að framan hefur aldrei verið

vikið að því að þessi ákvæði haldist ekki óbreytt. Samkvæmt þessu hefur sóknaraðili lögvarða kröfu á hendur varnaraðila vegna þessara útgjalda og kröfunni réttilega beint að varnaraðila.

Við endurútreikning samninganna í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012, 50/2013 og síðan 544/2013, sem kynntur var varnaraðila með bréfi þann 17. nóvember 2014 og síðan undirritaður þann 30. desember s.á., kemur fram að samhliða endurútreikningi á lánunum þurfi að huga að uppgjöri á virðisaukaskatti þar sem virðisaukaskattur hafi verið reiknaður af leigugreiðslum en ekki af kaupverði sammingsandlags. Fer sóknaraðili síðan yfir útreikninga virðisaukaskatts og skuldir varnaraðila í bréfinu. Því hefur ekki verið mótmælt af varnaraðila.

Í janúar 2017 hittust aðilar og fóru yfir aðgerðir í rekstrar- og skuldamálum, m.a. varnaraðila. Var þar gerð áætlun um að lækka skuldir með því að selja tvo krana. Við sölu á öðrum krananum átti að greiða samning nr. 125524 upp og andvirði hins kranans átti að ráðstafa inn á kröfur nr. 135900 og 135901 sem báðar voru tilkomnar vegna virðisaukaskatts. Var áætlun þessi samin af varnaraðila. Í þessum tillögum varnaraðila felst viðurkenning á þessum kröfum.

Samkvæmt sóknaraðila greiddi hann virðisaukaskatt í nóvember 2014 að fjárhæð 44.253.778 krónur vegna leigumuna varnaraðila.

Þann 4. desember 2017 gerðu aðilar samkomulag, m.a. um að sóknaraðila væri heimilt að ráðstafa greiðslum sem samið var um að bærust mánaðarlega inn á handveðsettan bankareikning varnaraðila, í fyrsta sinn 1. desember 2017 og síðan mánaðarlega næstu sex mánuði. Er ákvæði í samningnum um að sóknaraðila sé heimilt að ráðstafa innstæðu reikningsins til að greiða kostnað vegna þriðja aðila, s.s. bifreiðagjöld, skoðunargjöld, tryggingariðgjöld o.fl. Nær þetta samkomulag yfir lán nr. 125248 og 125523.

Telur dómurinn að með þessu aðgerðum hafi fyrning verið rofin og því skuldin ekki fyrnd samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Breytir engu um þótt greiðslur hafi ekki verið inntar sérstaklega af hendi til fullnustu þessara krafna.

Með vísan til forsendna um tómlæti vegna krafna nr. 8, 9 og 11 telur dómurinn sömu rök eiga við um að kröfur þessar hafi ekki fallið niður sökum tómlætis. Ekki er tölulegur ágreiningur um þessa kröfu.

Að öllu ofangreindu virtu verða lýstar kröfur sóknaraðila nr. 8, 9, 11 og 12 í leiðréttri kröfuskra varnaraðila frá 24. mars 2021 í þrotabú K12020 ehf. samþykktar sem almennar kröfur skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Þá er krafa sóknaraðila um að áfallandi dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum af ofangreindum kröfum frá úrskurðardegi svo og annar áfallandi kostnaður verið viðurkenndar sem eftirstæðar kröfur skv. 114. gr. sömu laga, tekin til greina.

Að þessum málalokum virtum og með vísan til umfangs málsins og 130. gr. laga nr. 91/1991 skal varnaraðili greiða sóknaraðila 1.700.000 krónur í málskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ.

Kröfur sóknaraðila, Landsbankans hf., um að lýstar kröfur nr. 8, 9, 11 og 12 samkvæmt leiðréttri kröfuskra varnaraðila frá 24. mars 2021 í þrotabú K12020 ehf., verði samþykktar sem almennar kröfur skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. eru teknar til greina.

Krafa sóknaraðila um að áfallandi dráttarvextir og annar áfallandi kostnaður frá úrskurðardegi til greiðsludags séu viðurkenndar sem eftirstæðar kröfur skv. 114. gr. laga nr. 21/1991 o.fl. er tekin til greina.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 1.700.000 krónur í málskostnað.